





# LÖGGÆSLA FYRRI ALDA

Um þessar mundir er haldið upp á 200 ára afmæli hins einkennisklædda lögregluþjóns á Íslandi. Við nútímafólk eigum erfitt með að ímynda okkur samfélag án lögreglumanna sem hafa eftirlit með því að farið sé eftir lögum. Hvernig var löggæslu háttað áður en lögreglumennirnir, eins og við þekkjum þá, komu til sögunnar?

Sá sem sinnir löggæslu gætir þess að lögum sé fylgt. Samfélagsþegnar samþykkja að afsala sér réttinum til valdbeitingar í hendur ríkisvaldsins. Þeir verða þá að geta treyst því að ríkið misnoti ekki einokun á valdi. Setning laga er mikilvægur þáttur til að tryggja þegnum réttaröryggi. Fólk er þá búíð að koma sér saman um hvað má og hvað má ekki. Ríkið sér svo um að farið sé eftir lögum. Yfirleitt er ríkinu skipt niður í framkvæmdavald, löggjafarvald og dómvald. Í dag höfum við lögreglu sem hefur þann starfa að fylgjast með því að farið sé eftir settum lögum og er hluti af framkvæmdavaldinu.

## *Samfélag án framkvæmdavalds*

Á þjóðveldistímanum (930-1262) var ekki dóms- og réttarkerfi við lýði eins og við þekkjum það. Íslendingar áttu sín lög sem lögsögumaður þuldi á Alþingi og geymd voru í minni manna á milli þinga. Eftir því sem stendur í Íslendingabók hefur það ekki verið fyrr en 1117 sem ákveðið var á Alþingi að skrá niður lögin í heild sinni. <sup>1</sup>

Þjóðveldið var samfélag án sameiginlegs framkvæmdavalds eða miðstjórnar. Í slíku samfélagi hafa dómstólar, lög og refsing allt aðra merkingu. Ef litið er á Grágás, eins og lög þessa tíma eru nefnd, má sjá að ekki var gert ráð fyrir að líkamlegum refsingum yrði beitt samkvæmt dómi. Helstu refsingar Grágásar voru fjársektir en þyngsta refsingin var útleigð; útilokun frá samfélaginu og vera réttdræpur. Í lögunum má einnig sjá merki þess að þegnar samfélagsins áttu sjálfir að leysa sín mál. Ef maður var veginn var aðstandendum hins látna ætlað að hefna vígsins. <sup>2</sup>

Samfélag þjóðveldis stjórnaðist ekki síst af hinum óskráðu lögum. Þar sem engin lögregla var til staðar var nauðsynlegt að geta treyst á mátt sinn og megin, sýna hugrekki og mynda tengsl við valdamikla menn. Virðing var mikið keppikefli innan samfélagsins en menn urðu að lúta hinum óskráðu reglum til að hljóta hana. Þótt samfélagið markaðist af karlmennsku- og hetjudýrkun var það ekki hlynnt því að virðingin væri sótt með langvarandi deilum og vígum. Friður var öllum til góðs því aldrei var að vita hvar hefndin kæmi niður næst. Í Íslendingasögum og Sturlungu má finna dæmi um það að sjálfsagt hafi þótt að lífláta, án dóms og laga, þá einstaklinga sem uppvisir voru að því að stunda þjófnað eða iðka galdur.<sup>3</sup>

### *Undir konungsvaldi*

Á árunum 1262-1264 gengu Íslendingar Noregskonungi á hönd og gerðu við hann sérstakan samning sem nefndur er Gamli sáttmáli. Meðal þess sem þar kemur fram er að konungi var skylt að halda uppi lögum og reglum í landinu. Magnús Hákonarson lagabætur, konungur Noregs 1263-1280, færði Íslendingum nýja lögbók, Járnsíðu, árið 1271. Magnús stefndi að því að samræma lögin í öllu Noregsríki og 1273 voru landslög Magnúsar lagabætis fullgerð. Í framhaldi af því var tekið til við að endurskoða Járnsíðu og sumarið 1280 voru hin nýju lög kynnt Íslendingum. Jónsbók, eins og lögbókin er ávallt nefnd, fékk ekki góðar móttökur en var samþykkt 1281 án mikilla breytinga. Með lögbókunum kom einnig nýtt stjórnkerfi. Umboðsmenn konungs, valdsmenn, skyldu sjá um að farið væri eftir lögum.<sup>4</sup>



Lögin skrásett. Ljósmynd: Stofnun Árna Magnússonar.

Íslendingar hlutu réttarbætur á 13. og 14. öld þegar lögunum var lítilsháttar breytt að beiðni Íslendinga. Einnig voru gerðar breytingar á lögum tengdum kirkjunni í kjölfar siðskiptanna. Á 16. öld voru sett ný lög um hjúskaparmál og hinn frægi Stóridómur var samþykktur á Alþingi árið 1564. Árið 1563 var Yfirréttur skipaður á Íslandi. Þar fyrir utan má segja að Jónsbók hafi verið helstu lög Íslendinga fram á 18. öld.<sup>5</sup>

Fram að siðskiptum hafði kirkjan íhlutun í mörgum málum, sérstaklega þeim er vörðuðu siðferði og hjúskap. Einnig hafði kirkjan dómsvald í málum sem tengdust kirkjunni og kirkjunnar mönnum. Kirkjan kom sér upp eigin dómskerfi til að dæma í þessum málum en beitti ekki neinum líkamlegum refsingum enda stríddi það á móti boðum kirkjunnar. Refsingar kirkjunnar fólust aðallega í fjársektum, forboði og bannfæringu.<sup>6</sup>

## Löggæsla

Með lögbókunum breyttist ýmislegt í réttarkerfi landsmanna. Framkvæmdavaldið var í höndum umboðsmanna konungs, sakamál urðu opinber og blóðhefnd var numin úr lögum. Ef maður var veginn eða gert á hans hlut með einhverjum hætti bar þeim er að því stóðu að bæta það konungi og ættingjum hins vegna. Með lögunum kom sú nýjung að beita líkams- og dauðarefsingum. Markmiðið með refsingunum var annars vegar að koma í veg fyrir brot með því að skapa ótta við afleiðingar glæpa og losa jafnvel samfélagið að fullu við hinn seka með lífláti eða útleð úr landi. Hins vegar var refsingunum ætlað að veita þolandanum eða aðstandendum hans einhverja uppreisn. Talið var að opinber refsing drægi úr löngum þolandans til hefnda.<sup>7</sup>

Aðalstjórntæki konungs á 13. öld var hirðin sem samanstóð af mönnum sem svarið höfðu konungi trúnaðareiða, gerst handgengnir menn hans og öðluðust í staðinn völd og forréttindi. Yfir hirðina setti konungur hér hirðstjóra sem var þá æðstur leikmanna. Seint á 15. öld fóru hirðstjórar einnig að bera titilinn „höfuðsmaður yfir Íslandi“ sem má rekja til þess að þeir voru einnig skipherrar herskipa sem send voru til Íslands, landinu til varnar. Á 14. öld fóru hirðstjórar með sýsluvöld í einstökum umdæmum, þeir „báru ábyrgð á stjórn

landsins, tekjum konungs og eignum". Þeir báru einnig ábyrgð á því að friður ríkti í landinu og sáu um landvarnir. <sup>8</sup>

Aðallöggæslumenn konungs voru sýslumennirnir. Sýslumenn eru fyrst nefndir á Íslandi 1263 í samningi við Hákon gamla Noregskonung. Gamli sáttmáli frá 1264 innihélt ákvæði um að lögmenn og sýslumenn skyldu vera íslenskir og af ætt þeirra sem gáfu upp goðorðin þegar Íslendingar gengu Noregskonungi á hönd. <sup>9</sup>

Sýslumanna var ekki getið í Járnsíðu en í staðinn var talað um valdsmenn. Aftur á móti er minnst á sýslumenn í réttarbót frá 1280 þegar talað er um að gera eigi „rétt rannsak heima til sýslumanns“, um kæru til sýslumanns og að sýslumenn nefni menn í dóma. Í Jónsbók er orðið sýslumaður og valdsmaður notað jöfnum höndum og telur Hjálmar Vilhjálmsson sem skrifað hefur um sýslumannsembættið að þetta sé einn og sami hluturinn. <sup>10</sup>

Fjöldi, umdæmi og embættistími sýslumanna var breytilegur framan af en komst í fastara form á 15. öld. Konungur virðist sjálfur hafa veitt sýslurnar til að byrja með en mestan hluta Jónsbókartímabilsins var veitingarvaldið í höndum hirðstjóra og annarra með hliðstæð embætti. Íslendingar héldu fast í þá kröfu að sýslumennirnir

væru íslenskir en ekki var alltaf farið eftir því. Aftur á móti var ákvæðið um að sýslumennirnir væru af hinum fornu goðaættum þeim ekki eins hugleikið þegar á leið eins og gefur að skilja. Þetta ákvæði gegndi fyrst og fremst því hlutverki að gera goða sáttari við að gefa upp goðorð sín. <sup>11</sup>

Sýslumönnum bar að sitja á Alþingi, skipa nefndarmenn til að fara á Alþingi og nefna menn í Lögréttu. Einnig bar þeim skylda til að taka sæti í dómum ef þeir væru kvaddir til þess af lögmanni. Sýslumenn innheimtu þau þingviti sem ekki voru greidd á staðnum. Á Öxarárþingi gáfu sýslumenn skýrslu um þau ódádaverk sem framin höfðu verið í þeirra sýslu frá síðasta þingi. Að sama skapi bar sýslumönnum að halda leiðarþing þegar þeir komu til baka frá Öxarárþingi. Þar skýrðu þeir frá atburðum og niðurstöðu mála á Alþingi. <sup>12</sup>



Þjófur með fóla bundinn á bakinu færður til sýslumanns. Úr Heynesbók. Ljósmynd: Stofnun Árna Magnússonar.

Sýslumönnum var ætlað, samkvæmt Jónsbók, að sjá um handtöku þjófna og ofbeldismanna. Í réttarbótum var ítrekuð sú skylda sýslumanna að vista afbrotamenn þar til gengið væri frá málum þeirra. Ekki var ætlast til að valdsmenn hefðu stóran flokk manna sér til aðstoðar við handtökur, fangagæslu og önnur álíka embættisstörf heldur var þeim heimilt að kalla til bændur sér til hjálpar sem ekki máttu þá skorast undan slíkri beiðni.<sup>13</sup>

Sýslumenn höfðu eftirlit með verslun, með ólöglegri lausamennsku og áttu þeir, ásamt hirðstjórum og lögmönnum, að fylgjast með siglingum útlendinga við landið.<sup>14</sup>



Dómarar að verki. Úr Reykjabók. Ljósmynd: Stofnun Árna Magnússonar.

Sýslumenn áttu að rannsaka mál sem fyrir þá komu. Af dómum frá miðöldum að dæma fólst sú rannsóknarvinna mikið í yfirheyrslum og að finna vitni. Mikil áhersla var lögð á votta og vitni sem sönnunargögn í málum en stundum fóru sýslumenn á vettvang til að kanna aðstæður, til dæmis til að kynna sér landamerki, reka og jafnvel til að rannsaka lík til að finna dánarorsök.<sup>15</sup>

Eins og sjá má er margt í starfi sýslumannsins á Jónsbókartímanum sem minnir á skyldur lögreglunnar í dag. Það er því ljóst að löggæsla er mun eldra fyrirbæri en 200 ára afmæli hins einkennisklædda lögregluþjóns gefur til kynna. Þó er eitt og annað sem er nokkuð frábrugðið í þessum tveimur störfum. Lögreglan hefur mun afmarkaðra starfssvið í dag sem hluti af framkvæmdavaldinu en störf sýslumannanna forðum komu við öll valdsvið samfélagsins. Jónsbókartímabilið stóð yfir í langan tíma eða frá 1281 og fram á 18. öld. Margt breyttist á þessum tíma sem hafði áhrif á stöðu sýslumanns-embættisins, sérstaklega aukinn máttur ríkisvaldsins. Samhliða því hafa kröfur um hvernig menn sinntu löggæslustörfum vafalítið verið breytilegar.